

7. Mikilleiki rangrar tegundar.

I

Eitthvert sinn mátti sjá hér í kvikmyndahúsi mynd af fíl, sem stendur frammi fyrir risa svo stórum, að hann gnæfir hátt uppyfir filinn. Og að vísu stendur risinn á afturfótunum. Lét teiknarinn filinn sýna merki þess, að hann væri bæði hræddur og undrandi. Það er ekki ólíklegt, að sumir áhorfendur kunni að hafa ímyndað sér, að þessi lygilegi risi væri ekkert annað en hugsmíð teiknarans, en svo er þó ekki. En að vísu hefir fíll aldrei slíkt dýr séð, því að síðasti risi þeirrar tegundar var liðinn undir lok milljónum ára áður en fílar voru til hér á jörðu. Risi þessi, sem ekkert nafn hlaut í lifanda lífi, þar sem hann var uppi löngu fyrir mannöld, hefir í jarðfræðinni hlotið heitið *Tyrannosaurus rex*, og var miklu stærri, jafnvel margfalt stærri en fílar, því að hinn nauðljóti haus hans gnæfði svo sem 17 álnir upp frá jörðu. Var það þó ekki öll hans lengd og skorti meir en þriðjung á, því að hann mun hafa gengið talsvert álútur, en þó aðeins á afturfótunum. Framlimirnir voru alls ekki til gangs, voru þeir stuttir mjög miðað við stærð risans, en með ógurlegum klóm. *Tyrannosaurus* var af skriðdýrakyni og er skrítið að kenna við það kyn þá skepnu, sem sennilega hefir hæst og lengst stokkið allra dýra hér á jörðu, þó að það væri eins þungt og álitlegur nautahópur, a. m. k. einar 20 smálestir. Stórkostlegasta rándýrið, sem hér á jörðu hefir verið, mun óhætt að nefna *Tyrannosaurus*, og má búast við að oftast nær hafi lítið orðið um varnir af hálfu þess dýrs, sem risinn hentist á úr háa lofti, með 20 smálesta þunga. En þó er ekki víst, að hann hafi alltaf sigrað, því að ýmsar jurtaæturnar, sem ráðist var á, voru ennþá meiri jötnar; lærleggur hefir fundist, sem var 270 cm. á lengd, eða nokkuð á 5. alin, og hefir hann verið úr dýri, sem var miklu stærra en *Tyrannosaurus*. En sum hin minni dýr voru til hlífðar og varnar út-búin mjög óárennilegum bein- og horngöddum og skjöldum. Á teiknimyndinni var sýnd viðureign þessa mikla rándýrs og samtíða jurtaætu, sem nefnd hefir verið *Triceratops*, og

minnti nokkuð bæði á naut og nashyrning, hafði tvö stór horn líkt og naut, og hið þriðja líkt og nashyrningur, en aftur af hornunum tveim, gekk geisistór og víður beinskjöldur til hlífðar, þar sem rándýrið mundi helst ráðast til að bíta. Triceratops var mun minni en ránrísinn, og þó enginn smælingi, um 12 m á lengd og 4 á hæð, og gekk á 4 fótum, og er ekki ólíklegt, að þessi býsna ófrýnilega skepna muni hafa getað varist vel, þegar á hana var ráðist.

Fróðlegt er nú að veita því eftirtekt, hvernig kemur fram í sögu þessara skriðdýrarisa krítartímabilsins svipuð keppni milli vopns og verju og sú, sem svo löngu síðar hefir átt sér stað í mannheimum, eins og t. d. nú, þegar keppst er við að gera stálbrynjur herskipanna þykkari og sterkari, jafnframt því sem fallbyssurnar verða æ stórkostlegri.

II

Mjög íhugunarverð, frá heimspekilegu sjónarmiði — ef svo mætti að orði komast — er hin vaxandi andstilling milli dýrategunda, sem af sömu forfeðrum voru komnar. Jötnar þessir höfðu mjög lítinn heila og munu hafa verið mjög vitlitlir, og þrátt fyrir jötunvöxt og afl, reyndust þeir óhæfir til að lifa og liðu undir lok. Mjög augljóst er hvernig í framvindusögu lífsins hér á jörðu, er sótt í vitáttina, með þeim árangri, að mannkynið hefur miklu stærri heila og þar með fylgjandi stórum meiri hæfileika til að hugsa og skilja, en nokkur þau dýr, sem áður hafa verið. En þrátt fyrir það, hefir þessi andstilling, sem er svo mjög á móti tilgangi lífsins, ágerst og það svo stórkostlega, að hún hefir aldrei verið líkt því eins mikil og nú, og aldrei eins hraðvaxandi. Er fyrir jarðfræðing auðvelt að segja það fyrir, að mannkynið mun fara sömu leið og skriðdýrajötnarnir, og það áður á löngu liði, ef ekki verður á þessu ráðin bót, þannig að einarðlega verði sótt til samstillingar, í samræmi við það, sem kalla mætti vilja guðs. Því að þó að ég trúi ekki á neina goðafræði, þá virðist mér einsætt, að þá viðleitni til fullkomlega samstilltrar tilveru, sem svo ótvíræðlega lýsir sér í framvindusögu heimsins, megi líta á sem einhverskonar vilja, eða

árangur af vilja, eins stórkostlegum og það sem menn vita nú um mikilleika heimsins, ætti þegar að geta gefið nokkra hugmynd um. Mun, þegar vit verður meira, ekki verða ráðist í að ganga á móti þessum vilja, eins og svo mjög hefir verið gert í sögu mannkynsins, með þeim afleiðingum, sem nú eru að koma í ljós á svo hryggilegan hátt, einmitt þegar allar ástæður virtust vera orðnar til þess, að mannkyninu gæti vegnað stórum betur en nokkru sinni áður.